
Minnisblað

Dagsetning: 17. júlí 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum og innanlands vegna COVID-19.

Þann 26. júní sl. var öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands hætt hér á landi vegna COVID-19 en fyrir þann tíma hafði sóttvarnaaðgerðum verið aflétt í nokkrum áföngum. Þann 1. júlí sl. var skimunum farþega á landamærum vegna COVID-19 hætt hjá þeim sem framvísuðu fullgildum vottorðum um bólusetningu gegn COVID-19 eða vottorðum um fyrri covid sýkingu og sömuleiðis hjá börnum.

Þessar ákvarðanir byggðu á því að smit voru fátíð hjá bólusettum einstaklingum (0,03%) og þeim sem höfðu sýkst af COVID-19 (0,09%) sem og hjá börnum (0,2%). Bólusetningar höfðu á þessum tímamarki gengið vel en um helmingur þjóðarinnar var full bólusettur og um 70% fengið a.m.k. eina sprautu. Enn fremur var ljóst að ekki var hægt að viðhafa áfram óbreyttar sýnatökur á landamærum vegna skorts á mannafla og takmarkaðrar greiningargetu. Því þótti rétt að láta reyna á ónæmið í samfélaginu sem fengist hafði með bólusetningum. Í dag er um 70% þjóðarinnar hins vegar full bólusettur og um 74% fengið a.m.k. eina sprautu.

Frá mánaðarmótum júní/júlí sl. hefur 41 greinst innanlands með COVID-19 og þar af voru 18 í sóttkví (43%), 30 voru full bólusettir (73%), fjórir hálf bólusettir (10%) og 7 óbólusettir (17%). Smitum, hefur fjölgað verulega undanfarna daga og náðu hámarki 16. júlí en þá greindust 11 einstaklingar innanlands. Flest smitin voru af völdum delta afbrigðis kórónaveirunnar og mátti rekja flest þeirra til landamærasmíta og/eða skemmtistaða á höfuðborgarsvæðinu. Allir hinna smituðu voru á aldrinum 20-50 ára og eru enn sem komið er með væg sjúkdómseinkenni.

Á sama tímabili greindust 61 á landmærunum og þar af voru 46 full bólusettir (75%), fjórir hálf bólusettir (7%) og 11 óbólusettir (18%). Flestir greindust með delta afbrigði veirunnar sem verið hefur í miklum vexti í nálægum löndum.

Undanfarið hafa niðurstöður verið að berast úr erlendum rannsóknum um virkni bólusetninga gegn delta afbrigði kórónaveirunnar. Niðurstöðurnar eru nokkuð mismunandi en sýna að virkni hjá full bólusettum gegn öllu smiti er um 50-70% en yfir 90% gegn spítalainnlögnum en vörnin er nokkru minni hjá þeim sem eru ekki fullbólusettir. Óljóst er hins vegar hversu virk bóluefnin eru hjá eldri einstaklingum og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Hins vegar eru að berast upplýsingar frá Ísrael um að þar er veruleg aukning í fjölda smita meðal bólusettra og einnig sést aukning í alvarlegum veikindum og spítalainnlögnum.

Þessar niðurstöður styðja það sem sést hefur hér á landi á undanförunum vikum að full bólusettir einstaklingar geta smitast af COVID-19 og geta smitað aðra.

Með tilkomu delta afbrigðis veirunnar hafa forsendur breyst nokkuð. Samkvæmt áhættumati ECDC* og WHO** er óvarlegt að aflétta of hratt öllum takmörkunum á aðgerðum gegn COVID-19 jafnvel þó að tekist hafi að bólusetja þorra þjóðarinnar. Ekki hefur tekist að tilgreina eitthvað ákveðið hlutfall sem bólusetja þarf til að koma í veg fyrir útbreitt samfélagslegt smit. Oft hefur verið miðað við 60-70% þátttöku allrar þjóðarinnar en þá er lagt út frá að bólusetning sé >90% virk við að koma í veg fyrir smit.

Í ljósi nýrra upplýsinga um smit þrátt fyrir bólusetningu er ljóst hlutfallið þarf líklega að vera hærra en nefnt hefur verið.

Áhættumat mitt á alvarlegum COVID-19 faraldri á komandi vikum fylgir hér að neðan og byggir ég það á tölulegum upplýsingum sem fram koma fyrir í þessu skjali, upplýsingum um faraldurinn í nálægum löndum og niðurstöðum erlendra rannsókna:

1. Full bólusettir einstaklingar geta borið með sér veiruna hingað til lands frá löndum/svæðum þar sem útbreiðsla COVID-19 er mikil. Þeir geta verið einkennalitlir eða einkennalausir en engu að síður smitað aðra bæði bólusetta og óbólusetta. Þó að líkur á smiti hjá bólusettum ferðamönnum séu litlar (<0,1%) þá getur fjöldi þessara einstaklinga verið umtalsverður með auknum fjölda ferðamanna. Núna er daglegur fjöldi ferðamanna um 5.000-7.000 og má búast við að hann fari vaxandi á næstu vikum. Því má búast við 5-10 smituðum ferðamönnum á dag meðal þeirra sem eru með gild vottorð um bólusetningu gegn COVID-19.
 2. Bólusettur, smitaður ferðamaður getur smitað aðra bæði óbólusetta og bólusetta einstaklinga. Þetta getur sett af stað litlar eða stórar hópsýkingar. Ekki er hægt að setja fram töluleg gildi fyrir líkur á smiti meðal þeirra sem eru bólusettir en ætla má að þær séu breytilegar og meiri hjá eldri einstaklingum og þeim sem eru með undirliggjandi sjúkdóma. Verði slík smit útbreidd í samfélaginu er líklegt að þau nái til viðkvæmra einstaklinga með ófyrirséðum afleiðingum.
 3. Smitaðir einstaklingar sem hingað koma og hafa víðtækt tengslanet hér á landi eru líklegri til að smita aðra en þeir sem lítið tengslanet hafa. Þetta sést greinilega þegar smit hér undanfarið eru skoðuð. Um 20% þeirra sem hingað koma eru með íslenskar kennitölur og því má búast við þessi áhættuhópur telji um 1000 manns daglega.
 4. Alvarleg veikindi hafa enn ekki sést hjá þeim greinst hafa hér að undanfögnu. Vert er þó að hafa í huga að flestir þeirra sem undanfarið hafa verið að greinast eru ungir (20-30 ára) og hraustir og þessi aldurshópur veikist að öllu jöfnu ekki alvarlega af COVID-19. Óvíst er því hvort bólusettir eldri einstaklingar eða þeir sem eru með undirliggjandi sjúkdóma veikist alvarlega ef þeir smitast. Einnig er rétt að benda á að töluverð umræða er nú erlendis um að mögulega þurfi að gefa auka skammt af bóluefni til að auka mótstöðu einstaklinga enn frekar.
 5. Ég tel því óvarlegt á þessum að tímamarki að halda áfram með óbreyttar sóttvarnaaðgerðir á landamærum því áframhaldandi smit yfir landamærin munu óhjákvæmilega leiða til áframhaldandi útbreiðslu innanlands. Ég tel því að núverandi fyrirkomulag muni óhjákvæmilega auka hættuna á frekari útbreiðslu COVID-19 innanlands með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þó miklar vonir séu bundnar við þær varnir sem hin góða þátttaka í bólusetningum hefur skapað þá tel ég ekki fyllilega vitað hversu mikil verndin raunverulega er. Ég tel þannig að forsendan fyrir því að hafa hér samfélag án innleindra takmarkana sé að lágmarka smit yfir landamærin.
 6. Þó að útbreiðsla kórónaveirunnar sé augljóslega orðin tölverð í samfélaginu þá bind ég vonir við að það takist að hamlar útbreiðslu hennar með hvatningu til almennings um einstaklingsbundnar smitvarnir, smitrakningu, einangrun smitaðra og sóttkví þeirra sem útsettir eru.
- I. **Tillögur um aðgerðir á landamærum.**
- a. **Allir farþegar sem koma til Íslands, íslenskir og erlendir, verði krafðir um neikvætt PCR eða antigen vottorð við byrðingu erlendis sem ekki er eldra en 72 klst. gamalt.** Flutningsaðilum er skylt að skoða þau vottorð sem íslensk stjórnvöld krefjast fyrir byrðingu erlendis og að auki verða þessi vottorð yfirfarin á landamærum hér skv. verklagi. Að mati þeirra sem sinna skoðun vottorða mun þetta fyrirkomulag ekki skapa óyfyrstíganlegt vinnuálag á landamærum en mun lágmarka enn frekar að smitaðir einstaklingar komi hingað til lands. Þeir sem ekki geta framvísað slíkum vottorðum en eru með fullgild vottorð um bólusetningu gegn COVID-19 eða fyrri sýkingu verði

gert að fara í sýnatöku við komu. Rétt er að geta þess að þetta fyrirkomulag er viðhaft í mörgum löndum, austan hafs og vestan.

Þeim sem að ekki eru með vottorð um bólusetningu eða fyrri sýkingu verði áfram gert að fara hér í sýnatöku á landamærum, fimm daga sóttkví og aðra sýnatöku að henni lokinni. Í dag er daglegur fjöldi þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda um 200 manns. Þessi fjöldi gæti farið vaxandi á næstu vikum með auknum fjölda ferðamanna.

Börn fædd 2005 og síðar verði áfram undanþegin öllum aðgerðum á landamærum.

- b. **Öllum farþegum með íslenska kennitölu verði gert að undirgangast eina sýnatöku við komuna hingað til lands.** Þetta er gert til lámarka áhættu á smiti innanlands frá þessum áhættuhópi en eins og að framan er rakið má rekja flest smit innanlands að undanförunu til þessa hóps. Um 20% farþega eru nú með íslenskar kennitölur þannig að daglegur fjöldi í þessum hópi er um 1.000 manns. Sóttvarnalæknir hefur komið fram með þau skilaboð að þeir farþegar sem eru með víðtækt tengslanet hér á landi fari varlega fyrsu vikuna eftir heimkomu og fari í sýnatöku verði einkenna vart sem bent geta til COVID-19.

Ef ekki er talið framkvæmanlegt að taka sýni á landamærum frá þessum hópi þá verði þessir einstaklingar hvattir til að fara í sýnatöku innanlands eins fljótt og auðið er eftir heimkomuna.

- c. **Ofangreindar tillögur komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er.** Gæti þurfi að því að allir viðbragðsaðilar fái ráðrúm til undirbúnings áður en til frmkvæmdar kemur.

II. Tillögur um aðgerðir innanlands.

Á þessari stundu er ekki lagðar til neinar opinberar takmarkanir innanlands vegna COVID-19. Hins vegar þurfa stjórnvöld að vera tilbúin til að grípa til ráðstafana ef útbreiðsla faraldursins eykst til muna eða ef einstaklingar fara að veikjast alvarlega. Mikilvægt er að styðjast við reynslu af fyrri aðgerðum ef til þess kemur.

* <https://www.ecdc.europa.eu/en/news-events/sars-cov-2-resurgence-eu-and-eea-related-relaxation-non-pharmaceutical-interventions> og <https://www.ecdc.europa.eu/en/publications-data/threat-assessment-emergence-and-impact-sars-cov-2-delta-variant>

**https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/situation-reports/?gclid=CjwKCAjw3MShBhB3EiwAxcaEu6QzknbgAN0HzXluffjl29KZWYbwj_P8n-h3t5oTNtVMWBzVIMsESxoCu_4QAvD_BwE